Nr. 33.
30.
sept.

Auglýsing

um

samning, sem konungsríkið Danmörk og konungsríkið Spánn hafa gjört sin á milli um framsal sakamanna.

Hinn 12. dag októbermánaðar 1889, hefur hin konunglega danska stjórn og hin konunglega spánska stjórn gjört eptirfylgjandi samning sín á milli um framsal sakamanna.

Hans hátign konungurinn í Danmörku og hennar hátign Spánardrottning, er ríkisstjórn hefur þar á hendi, hafa komið sjer saman um, að gjöra samning um framsal sakamanna, og hafa þau í þessu skyni falið umboð sín þeim, sem nú skal greina.

Hans hátign konungurinn í Danmörku:

Baróni Otto Ditlev Rosenörn-Lehn, utanríkisráðherra hans hátignar, stórkrossi dannebrogsorðunnar og dannebrogsmanni, stórkrossi orðu Karls hins 3. og orðu Ísabellu hinnar kathólsku m. m. og

Hennar hátign Spánardrottning:

José Diosdado y Castillo, sjerstaklegum sendiherra hennar hátignar og ráðherra með fullu valdi, stórkrossi orðu Ísabellu hinnar kathólsku, Jóhannesarriddara, kommandör af hinni rússnesku St. Önnu orðu, riddara af orðu St. Gregors hins mikla m. m. og hafa þeir eptir að hafa gjört hvor öðrum grein fyrir umboðum sínum, er reyndust að vera í góðu og gildu formi, komið sjer saman um greinir þær, sem hjer fara á eptir.

1. gr.

Hinir tignu samningsaðilar skuldbinda sig til samkvæmt reglum þeim, sem hjer standa síðar, að framselja hvor öðrum þá menn, nema innbornir sjeu, er dæmdir eru, ákærðir eða grunaðir fyrir að hafa framið eða átt hlutdeild í að fremja einhver af glæpaverkum þeim, er síðar getur um, og drýgð hafa verið innan takmarka þess ríkis, sem fer fram á framsalið, og saknæm eru eptir löggjöf beggja ríkja:

1. Morð, þar með talið barnsmorð, föðurmorð og eiturmorð; manndráp af ásettu ráði framið.

2. Burðareyðing, ef viljaverk er.

Bekjendtgjørelse

Nr. 33.
30te
Septbr.

om

en mellem Kongeriget Danmark og Kongeriget Spanien afsluttet Konvention om gjensidig Udlevering af Forbrydere.

Under 12te Oktober 1889 er der mellem den kgl. danske og den kgl. spanske Regjering blevet afsluttet følgende Konvention om gjensidig Udlevering af Forbrydere:

Da Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hendes Majestæt Dronning Regentinden af Spanien ere blevne enige om at afslutte en Traktat om Udlevering af Forbrydere, have de i dette Øiemed udnævnt til deres respektive Befuldmægtigede:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:

Baron Otto Ditlev Rosenørn-Lehn, Hans Majestæts Udenrigsminister, Storkors af Dannebrog og Dannebrogsmand, Storkors af Carl III' Orden og Isabella den Katholskes Orden m. m. og

Hendes Majestæt Dronning Regentinden af Spanien:

José Diosdado y Castillo, Hendes Majestæts overordentlige Gesandt og befuldmægtigede Minister, Storkors af Isabella den Katholskes Orden, Johanniter-Ridder, Kommandør af den russiske St. Anna Orden, Ridder af St Gregor den Stores Orden m. m.,

hvilke, efter gjensidig Meddelelse af deres respektive Fuldmagter, der befandtes i god og rigtig Form, ere komne overens om følgende Artikler:

Artikel 1.

De høje kontraherende Parter forpligte sig til, overensstemmende med de nedenfor fastsatte Regler, at udlevere til hinanden de Individer, der ere dømte, — Indfødte dog undtagne — anklagede eller sigtede som Hovedmænd eller Medskyldige i noget af de nedenfor opregnede Retsbrud, der er begaaet paa den Parts Territorium, fra hvilken Begjæringen udgaar, og strafbart efter begge de kontraherende Landes Lovgivning, nemlig:

1. Mord, derunder indbefattet Barnemord, Fadermord og Forgiftning; forsætligt Drab.
2. Forsætlig Fosterfordrivelse.

Nr. 33. 30. sept.

3. Útburður á barni, yngra en 7 ára eða þegar það af ásettu ráði er yfirgefið í því ástandi, að það getur sjer enga björg veitt.

4. Barnsrán, svo og þá er menn leyna börnum eða nema á burt, láta þau hverfa, hafa skipti á þeim eða skjóta þeim undan.

5. Þá er maður nemur á burtu ófullveðja mann, karl eða konu.

6. Þá er maður sviptir annan frelsi sínu af ásettu ráði og gegn lögum.

7. Þá er maður raskar frelsi annars með ofbeldi eða hótunum, til þess að neyða hann til að gjöra eitthvað, þola eitthvað, eða láta eitthvað ógjört.

8. Þá er kvæntur maður eða gipt kona, gengur að eiga aðra konu eða annan mann.

9. Nauðgun.

10. Saurlifnaðarverk framið með ofbeldi eða hótunnm.

11. Saurlifnaðarverk hvort sem samfara er ofbeldi eða hótan eða ekki, ef framið er á barni, stúlku eða dreng, yngra en 12 ára í Danmörku og 14 ára á Spáni, svo og ef barn á þessu reki er tælt til að fremja eða láta fremja við sig þesshátt verk.

12. Þá er menn leggja það í vana sinn að tæla til lauslætis unglinga, hvors kyns sem eru.

13. Líkamsáverkar veittir af ásettu ráði, og sem hafa í för með sjer veikindi, sem engin líkindi eru til að lækning fáist við, eða gjöra þann, sem fyrir slíku verður, um langan tíma ófæran til vinnu, eða svipta hann algjörlega notkun einhvers líffæris, eða limlesta hann mjög eða valda dauða hans, þó eigi væri til þess stofnað.

14. Gripdeild og þröngvun til fjárútláta.

15. Þjófnaður og rán.

16. Svik, stuldur úr sjálfs síns hendi og önnur svik í því, er manni er trúað fyrir.

17. Sviksamlegt gjaldþrot og svik í gjaldþrotamálum.

18. Meinsæri og falsvitni.

19. Falsskýrslur mats- og virðingarmanna eða rangar þýðingar eiðsvarins túlks; svo og að tæla vitni, mats- og virðingarmenn eða túlka til að gefa ranga skýrslu.

20. Skjalafals eða fals á málþráðarskeytum í sviksamlegum tilgangi eða til þess að skaða aðra, svo og vísvitandi að beita fölskum eða fölsuðum heimildarskjölum eða málþráðarskeytum sviksamlegum tilgangi eða öðrum til tjóns.

21. Þá er menn ólöglega ónýta, skemma eða láta hverfa heimildarskjöl opinbei eða einstakra manna, sje það með vilja gjört og í þeim tilgangi að baka öðrum tjón.

22. Þá er menn falsa stimpil, mark eða innsigli ríkisins eða yfirvalda, eða búa til eptirmynd þeirra, í þeim tilgangi að nota þau í stað hinna rjettu, svo og þá er menn vísvitandi nota slíka eptirmyndaða eða falsaða stimpla, mörk eða innsigli.

23. Peningafals, bæði eptirmyndan og falsan peninga og peningaseðla; svo og þá er menn vísvitandi láta úti og koma á gang eptirmynduðum eða fölsuðum peningum eða peningaseðlum.

24. Eptirmyndan og fölsun bankaseðla og annara skuldabrjefa eða annarskonar verðbrjefa, sem út eru gefin af ríkisstjórninni eða með leyfi hennar af stjettum eða fjelögum eða einstökum mönnum, svo og vísvitandi að láta frá sjer og koma á gang þesshátt eptirstældum eða fölsuðum bankaseðlum, skuldabrjefum eða öðrum verðbrjefum.

25. Brenna af ásetningi gjör.

26. Sviksamleg gjaldheimta af hendi opinberra embættismanna, og þegar þeir draga undir sig opinbert fje.

27. Þá er menn múta opinberum embættismönnum í þeim tilgangi að fá þá til að brjóta embættisskyldu sína.

Nr. 33. Augl. 30. sept. um samning, sem konungsríkið Danmörk og konungsríkið Spánn hafa gjört sin á milli um framsal sakamanna.

3. Udsættelse af et Barn under 7 Aar eller forsætlig Overladen af et saadant Barn til sig selv i hjælpeløs Tilstand.

4. Barnerov, Fordølgelse, Bortførelse, Undertrykkelse, Ombytning eller Underskyden af et Barn.

5. Bortførelse af en mindreaarig Person.

6. Forsætlig og retsstridig Berøvelse af et Menneskes personlige Frihed, begaaet af en Privatperson.

7. Krænkelse af den personlige Frihed, begaaet med Vold eller Trudsler, for at tvinge nogen til at gjøre, taale eller undlade noget.

8. Bigami.

9. Voldtægt.

10. Uterlighed, begaaet med Vold eller Trudsler.

11. Uterlighed, begaaet med eller uden Vold eller Trudsler mod et Barn af det ene eller det andet Kjøn, under 12 Aar i Danmark og under 14 Aar i Spanien; Forledelse af et saadant Barn til at begaa eller taale uterlige Handlinger.

12. Vanemæssig Tilskyndelse til Løsagtighed af mindreaarige Personer af det ene eller det andet Kjøn.

13. Forsætlige Legemsbeskadigelser mod en Person, der have havt til Følge en tilsyneladende uhelbredelig Sygdom, eller en vedvarende Uskikkethed til Arbeide, eller Berøvelse af den fuldstændige Brug af et Organ, eller en grov Lemlæstelse, eller som have bevirket Døden, uden at denne Følge har været tilsigtet.

14. Ran og Pengeafpresning.

15. Tyveri og Røveri.

16. Bedrageri, Underslaaen eller andet Misbrug af et Tillidsforhold.

17. Svigagtig Fallit og Besvigelser i Fallittilfælde.

18. Mened eller falsk Vidnesbyrd.

19. Falsk Afgivelse af Syn og Skjøn og falsk Gjengivelse ved en edsvoren Tolk, Forledelse af et Vidne, en Syns- og Skjønsmand, eller af en Tolk til at afgive urigtig Forklaring.

20. Falsk begaaet med Hensyn til Dokumenter eller Telegrafdepescher i bedragerisk Hensigt eller i den Hensigt at skade, saavelsom bevidst Benyttelse af falske eller forfalskede Adkomstdokumenter eller Telegrafdepescher i bedragerisk Hensigt eller i den Hensigt at skade.

21. Forsætlig og retsstridig Tilintetgjørelse, Beskadigelse eller Undertrykkelse af et offentligt eller privat Adkomstdokument, i den Hensigt at forvolde en Anden Skade.

22. Eftergjørelse eller Forfalskning af Statens eller en offentlig Myndigheds Stempler, Mærker eller Segl i det Øjemed at benytte dem som ægte, og bevidst Benyttelse af saadanne eftergjorte eller forfalskede Stempler, Mærker eller Segl.

23. Falskmøntneri, derunder indbefattet Eftergjørelse og Forfalskning af Mønt og Pengesedler; bevidst Udgivelse og Sætten i Omløb af eftergjorte eller forfalskede Mønter eller Pengesedler.

24. Eftergjørelse og Forfalskning af Banksedler og andre af Staten eller med Statens Autorisation af Korporationer, Selskaber eller Privatpersoner udgivne Obligationer eller Værdipapirer af anden Art, saavelsom bevidst Udgivelse og Sætten i Omløb af disse eftergjorte eller forfalskede Banksedler, Obligationer eller andre Værdipapirer.

25. Forsætlig Brandstiftelse.

26. Underslæb og svigagtig Oppebørsel, begaaet af offentlige Embedsmænd.

27. Bestikkelse af offentlige Embedsmænd i den Hensigt at bringe dem til at krænke deres Embedspligt.

Nr. 33.
30. sept.

28. Þessi afbrot á skipi framin af skipstjóra eða skipshöfn:
að granda skipi af ásettu ráði og ólöglega.
að láta skip stranda af ásettu ráði og ólöglega.

Mótþrói gegn skipstjóra samfara ofbeldisverkum, þegar mótþróanum er beitt eptir áðurlögðu ráði og skipverjar taka margir þátt í því.

29. Þá er menn ónýta eða skemma af ásettu ráði og ólöglega síki, stíflur eða önnur þvílík vatnsvirki, járnbrautir eða málþráðartæki; viljandi hindra ferð lestar á járnbraut með því að leggja eitthvað á hana, færa járnleggina eða undirlag þeirra úr skorðum, taka burt spormótsjárnin, eða teina, eða hafast eitthvað annað það að, sem stöðvað gæti ferð lestarinnar, eða komið henni út af brautinni.

30. Þá er menn af ásettu ráði og ólöglega brjóta eða skemma grafir, grafarmerki eða opinber minnismerki.

31. Hlutdeild eptirá, sem lýtur að því að ná í eða fela einhverja þá hluti, sem aflað hefur verið með einhverjum af þeim glæpum, sem um er rætt í samningi þessum.

Selja má og þann fram, sem tilraun gjörir til þess að drýgja áðurnefnd brot, þó því að eins, að slík tilraun sje saknæm eptir lögum beggja ríkjanna.

Nú er maður krafinn fram seldur fyrir brot, sem framið hefur verið fyrir utan takmörk þess ríkis, sem framsölu krefst, og má þó engu að síður framselja hann, ef heimild er til eptir löggjöf þess ríkis, sem framsalskröfunni er beint til, að lögsækja menn, þegar svo stendur á, til refsingar fyrir slíkt brot, þegar það hefur framið verið utan takmarka þess.

2. gr.

Vegna ákvæða 6. greinar hinna dönsku hegningarlaga, áskilur Danmörk sjer auk þessa rjett til að selja ekki af hendi útlenda menn, sem hafa fastan samastað og eru búsettir í landinu, nema því að eins, að krafan um framsal snerti afbrot, sem hinn útlendi maður hefur drýgt, áður en hann kom til Danmerkur, og sje auk þess framkomin innan tveggja ára frá því er hann tók sjer þar bólfestu.

3. gr.

Nú er maður sá, sem framseldur er krafinn, hvorki spánverskur nje danskur, og getur þá stjórn sú, sem framsalskröfunni er beint til, skýrt stjórn þess lands, er hann er frá, frá þessari kröfu, og heimti þá þessi stjórn sakborning framseldan, til þess að hann verði dæmdur af dómstólum þar í landi, getur landsstjórn sú, sem framsölu er beðin, eptir eigin geðþótta framselt hann annarihvorri hinna tveggja landstjórna.

4. gr.

Eigi skal framselja, þá er maður sá, er hin danska stjórn hefur krafið framseldan, þegar hefur ákæru sætt, en málið gegn honum verið látið niður falla, nje heldur meðan á ákæru stendur, og heldur eigi, hafi honum þegar verið hegnt á Spáni — og hins vegar eigi, þá er maðr sá, er Spánarstjórn krefur framseldan, þegar hefur ákæru sætt, en málið verið síðan látið niður falla, nje heldur meðan á ákæru stendur, eða hafi honum þegar verið hegnt í Danmörku fyrir afbrot það, sem framsalskrafan ris af.

Nú stendur á lögsókn á Spáni á hendur þeim er hin danska stjórn krefur framseldan, eða í Danmörku á hendur þeim er Spánarstjórn krefur framseldan, en fyrir annað afbrot en það, er framsalskrafan er af risin, og skal þá fresta framsali þangað til lögsókn er lokið, og hann hefur sætt þeirri hegningu, sem hann kann að hafa verið dæmdur til.

Nr. 33. Augl. 30. sept. um samning, sem konungsríkið Danmörk og konungsríkið Spánn hafa gjört sin á milli um framsal sakamanna.

28. Følgende Forbrydelser begaaede ombord paa et Skib af Skibsføreren eller Skibsbesætningen:

Forsætlig og retsstridig Ødelæggelse af et Skib.

Forsætlig og retsstridig Tilsættelse af et Skib ved Stranding.

Modstand med Voldshandlinger mod Skibsføreren, naar denne Modstand er udøvet af flere af Skibsfolkene efter indbyrdes Aftale derom.

29. Forsætlig og retsstridig, hel eller delvis Ødelæggelse af Kanaler, Sluser eller af tilsvarende hydrauliske Indretninger, af Jernbaner eller Telegrafapparater; forsætlig Forstyrrelse af et Togs Kjørsel paa en Jernbane ved Anbringelse af Gjenstande, ved Forrykkelse af Skinner eller disses Underlag, ved Borttagelse af Sporskifter eller Bolte, eller ved Benyttelse af et hvilketsomhelst andet Middel, som er egnet til at bringe et Tog til at standse eller bringe det af Skinnerne.

30. Forsætlig og retsstridig Ødelæggelse eller Beskadigelse af Grave, Gravmonumenter eller offentlige Mindesmærker.

31. Efterfølgende Meddelagtighed, begaaet ved Erhvervelse eller Fordølgelse af Gjenstande, der ere erhvervede ved en af de i denne Traktat omhandlede Forbrydelser.

Udlevering skal ogsaa kunne finde Sted for Forsøg paa de ovenfor angivne Handlinger, forudsat at saadant Forsøg er strafbart ifølge de høie kontraherende Parters Love.

Dog skal, naar det Retsbrud, paa Grund af hvilket Udlevering forlanges, er begaaet udenfor den Parts Territorium, fra hvilken Begjæringen udgaar, denne Begjæring kunne tages tilfølge, forudsat at der i det Lands Lovgivning, til hvilket Begjæringen rettes, findes Hjemmel til i dette Tilfælde at forfølge saadanne Retsbrud, begaaede udenfor sammes Territorium

Artikel 2.

Under Hensyn til Bestemmelserne i den danske Straffelovs § 6 forbeholder Danmark sig desuden Ret til ikke at udlevere Fremmede, der have fast Ophold og Hjemstavn i Landet, medmindre Udleveringsbegjæringen angaar en Handling, der er begaaet af den Fremmede før hans Ankomst til Danmark, og Begjæringen derhos fremkommer inden 2 Aar efter den Fremmedes Bosættelse.

Artikel 3.

Dersom den Person, hvis Udlevering begjæres, hverken er Spanier eller Dansk, kan den Regjering, til hvilken Begjæring om Udlevering er rettet, underrette Regjeringen i det Land, hvortil den Paagjældende hører, om denne Begjæring, og dersom denne Regjering paa sin Side forlanger den Sigtede udleveret for at lade ham dømme ved sine Domstole, kan den Regjering, til hvilken Begjæringen om Udlevering er rettet, efter sit eget Valg, udlevere den Paagjældende til den ene eller den anden af de 2 Regjeringer.

Artikel 4.

Udlevering finder ikke Sted, naar den af den danske Regjering reklamerede Person har været under Retsforfølgning, og Sagen derefter er bortfalden, eller han endnu befinder sig under Retsforfølgning, eller allerede er bleven straffet i Spanien — eller naar den af den spanske Regjering reklamerede Person har været under Retsforfølgning, og Sagen derefter er bortfalden, eller han endnu befinder sig under Retsforfølgning, eller allerede er bleven straffet i Danmark for det samme Retsbrud, paa Grund af hvilket Udlevering begjæres.

Naar den af den danske Regjering reklamerede Person er under Retsforfølgning i Spanien, eller den af den spanske Regjering reklamerede Person er under Retsforfølgning i Danmark for et andet Retsbrud, skal hans Udlevering opsættes, indtil denne Retsforfølgning er sluttet, og den ham eventuelt idømte Straf udstaaet.

Nr. 33.
30. sept.

5. gr.

Nú hefur sá, sem krafinn er framseldur, tekizt á hendur skuldbindingar gagnvart einstökum mönnum, er framsalið bannar honum að uppfylla, og ber hann þá engu að síður fram að selja, en hinum, er tjón bíður af þessu, er frjálst að leita rjettar síns gegn honum hjá hlutaðeiganda yfirvaldi.

6. gr.

Eigi verður maður framseldur, þegar svo langt er liðið frá því er afbrotið var drýgt, eða frá því er síðast gjörðist í lögsókninni eða frá því er dómur var feldur í málinu, að ákæra eða hegning er fyrnd samkvæmt lögum í því landi, þar sem sakborningur þá er staddur, er framsals er krafizt.

7. gr.

Eigi má ákæra eða hegna hinum framselda manni fyrir neitt annað afbrot, en það, er orsök var til framsalsins, nema því að eins, að hann óneyddur gefi skýlaust samþykki sitt til þess, og stjórn sú, sem hann hefur framselt, hafi fengið vitneskju um það, eða hafi hann, eptir að hafa þolað hegning eða verið sýknaður af afbroti því, sem orsök var til framsalsins, eigi innan mánaðar farið úr landi burt eða sje aptur þangað kominn.

8. gr.

Framsals skal beiðast stjórnarleið, og verður því að eins veitt, að beiðninni fylgi í frumriti eða staðfestu eptirriti dómsákvæði, eða lögsóknarúrskurður eða vottorð fyrir því að málinu sje vísað til dómstólanna til sakamálsmeðferðar, ásamt með varðhaldsúrskurði, eða varðhaldsúrskurður einn, og skulu gjörðir þessar vera í því formi sem lög í landi því, sem framsalsins krefst, skipa fyrir, og hafa inni að halda nákvæma skýrslu um verk það, sem maðurinn var ákærður eða dæmdur fyrir, svo og um hegningarákvæði þau, sem eiga við brotið. Framsalsbeiðni skal, ef unnt er, fylgja lýsing á manni þeim, er framsals er krafizt á.

9. gr.

Þegar brýn nauðsyn ber til, og einkum, ef hætt er við að hinn dómfeldi eða ákærði maður hlaupist undan, má með sem umsvifaminnstu móti og jafnvel með málþráðarskeyti krefjast þess og fá því framgengt, að hann verði settur í varðhald, svo framarlega sem krafan styðst við dóm, lögsóknarályktun, eða varðhaldsúrskurð, og að því tilskildu, að skjal það, sem framsalsbeiðni er byggð á, verði lagt fram innan 6 vikna frá því að hann var í varðhald settur.

10. gr.

Alla muni þá, sem eru í vörzlum þess, er krafinn er framseldur, þá er hann er í varðhald settur, og sem lagt hefur verið hald á, skal selja af hendi við stjórn þá, sem framsals krefst, um leið og hann er framseldur, og nær þetta eigi einungis til þeirra muna, sem hann hefur aflað sjer á ólöglegan hátt, heldur og til allra þeirra hluta, sem geta verið til sönnunar fyrir afbrotinu.

Þó falla eigi þarmeð burt rjettindi þau, sem aðrir kunna að hafa öðlazt yfir hinum fyrgreindu hlutum, og ber því, þegar svona stendur á, að skila þeim aptur, að kostnaðarlausu, þegar málið er á enda kljáð.

Nr. 33. Augl. 30. sept. um samning, sem konungsríkið Danmörk og konungsríkið Spánn hafa gjört sin á milli um framsal sakamanna.

Artikel 5.

Dersom en reklameret Person har overfor Private indgaaet Forpligtelser, som hans Udlevering hindrer ham i at opfylde, skal han ikkedestomindre udleveres, og det vil staa den skadelidende Part frit for at forfølge sine Rettigheder for vedkommende Myndighed.

Artikel 6.

Udlevering finder ikke Sted, naar der efter Gjerningens Forøvelse, Retsforfølgningens sidste Trin, eller den deraf paafulgte Domfældelse, er indtraadt Forældelse af Tiltale eller Straf i Henhold til Lovene i det Land, i hvilket den reklamerede Person befinder sig i det Øieblik, da Udleveringen begjæres.

Artikel 7.

Den udleverede Person maa ikke forfølges eller straffes for noget andet Retsbrud end det, der har foranlediget Udleveringen, medmindre han frivillig har givet sit udtrykkelige Samtykke dertil, og den Regjering, som har udleveret ham, er bleven sat i Kundskab herom eller han efter at være straffet eller frifunden for den Forbrydelse, der har foranlediget Udleveringen, har undladt at forlade Landet inden Udløbet af 1 Maaned, eller er vendt tilbage dertil.

Artikel 8.

Udleveringen skal begjæres ad diplomatisk Vei, den skal kun indrømmes mod Fremlæggelse i Original eller offentlig bekræftet Afskrift af en Domskjendelse eller af en Anklagebeslutning eller af en Henvisning af Sagen til en kriminel Domstol i Forbindelse med en Fængslingskjendelse eller af en Fængslingskjendelse alene, og skulle disse Akter være udfærdigede i de Former, der ere foreskrevne ved Lovene i det Land, der begjærer Udleveringen, og indeholde nøjagtig Oplysning om den Handling, for hvilken Personen er under Retsforfølgning eller dømt, saavelsom om det Straffebud, der er anvendeligt paa samme. Udleveringsbegjæringen skal om muligt være ledsaget af den reklamerede Persons Signalement.

Artikel 9.

I paatrængende Tilfælde, og navnlig naar en Undvigelse maa befrygtes, kan den Domfældte eller under Retsforfølgning værende Persons Fængsling forlanges og erholdes ad den korteste Vej, og selv ved Benyttelse af Telegrafen, paa Grundlag af enten en Domskjendelse, en Anklagebeslutning eller en Fængslingskjendelse, forudsat, at det Dokument, der ligger til Grund for Udleveringsbegjæringen, fremlægges inden 6 Uger efter at Fængslingen har fundet Sted.

Artikel 10.

Alle de beslaglagte Gjenstande, som, paa den Tid da Fængslingen sker, befinde sig i den reklamerede Persons Besiddelse, blive at overlevere til den reklamerende Regjering, samtidig med at Udleveringen finder Sted, og skal denne Overlevering strække sig ikke blot til de ved et retsstridigt Middel erholdte Gjenstande, men ogsaa til alle dem, der kunne tjene til Bevis for Retsbrudet.

Dog forbeholdes de Rettigheder, som Tredjemand maatte have erhvervet over de forannævnte Gjenstande, hvilke i saa Tilfælde blive at tilbagelevere uden Omkostninger, efter Retssagens Slutning.

Nr. 33.
30. sept.

11. gr.

Samningsaðilar hirða ekki um að heimta endurgoldinn kostnað þann, sem rís af varðhaldi, viðurværi eða flutningi þess manns, sem fram á að selja, eða af flutningi á munum þeim, sem um ræðir í 10. gr., til hafnar þeirrar, er skip það fer úr, er þeir fara með, eða til landamæra þess ríkis, sem framsalið hefur veitt. Þeir samþykkja hvor um sig að standa sjálfir straum af þessum kostnaði.

12. gr.

Þyki öðrum samningsaðila nauðsyn bera til í sakamáli að fá yfirheyrð vitni, sem eru innan ríkistakmarka hins aðila, eða fá einhverja aðra undirbúningsrannsókn gjörða í málinu, þá skal beiðni um það send stjórnarleið og verður hún þá tekin til greina og að farið samkvæmt lögum þar í landi, er vitnin á að yfirheyra eða rannsóknin fram að fara. Neita má að verða við þessari beiðni, þegar rannsóknin lýtur að einhverju því verki, sem eigi er talið upp í 1. grein.

Samningsaðilar hvor um sig falla frá kröfu til endurgjalds á kostnaði þeim, sem rís af því, að beiðni um vitna yfirheyrslu verður tekin til greina, en kostnað, er rís af hverskonar öðrum undirbúningsrannsóknum, skal það ríki endurgjalda, er þeirra hefur beiðzt.

13. gr.

Þyki nauðsyn til bera, að einhver komi sjálfur til þess að bera vitni í sakamáli, ber stjórninni í landi því, sem hann er í, að skora á hann að verða við beiðni þeirri, sem í þeim tilgangi verður send honum. Stjórnir beggja landa koma sjer þá saman um, hve mikla borgun sú stjórn, er beiðzt hefur tilkomu hans, skal inna honum fyrir ferðakostnað og dvöl eptir því, hve ferðin var löng og hve lengi hann var í burtu, svo og, hve mikið borga megi honum fyrirfram af þessu fje.

Nú fer einhver eptir áskorun, er hann hefur fengið í öðru ríkinu, af frjálsum vilja til hins til þess að bera þar vitni fyrir dómi, og má þá eigi lögsækja hann þar, hverrar þjóðar sem hann svo er, nje halda honum eptir vegna áður drýgðra glæpa eður eldri refsingardóma eður fyrir því, að hann sje grunaður um hlutdeild í verknaði þeim, sem mál það er af risið, er hann er kominn til að bera vitni í.

14. gr.

Þyki nauðsyn bera til eða hentugt vera í sakamáli að fá í hendur gripi, sem sönnunarafl hafa eða skjöl, sem stjórnarvöld hins samningsaðila hafa í höndum sjer, skal beiðni um það send stjórnarleið, og skal hún þá verða tekin til greina, svo framarlega, sem engar sjerstakar ástæður eru því til fyrirstöðu, og með því skilyrði, að munum þessum og skjölum verði skilað aptur.

Hvorugur samningsaðila hirðir um að fá endurgoldinn þann kostnað, sem rís af sending þessara gripa eða skjala til landamæranna og heim aptur.

15. gr.

Ákvæðin í samningi þessum ná einnig til nýlenda og hjálenda hinna háu samningsaðila, og skal þá farið að á þann hátt sem nú skal greina:

Nr. 33. Augl. 30. sept. um samning, sem konungsríkið Danmörk og konungsríkið Spánn hafa gjört sin á milli um framsal sakamanna.

Artikel 11.

De kontraherende Parter give Afkald paa at kræve Erstatning for de Omkostninger, der forvoldes dem ved den Persons Fængsling, Underhold eller Transport, der skal udleveres, saavelsom ved Forsendelsen af de i Art. 10 omhandlede Gjenstande, indtil Indskibningshavnen eller indtil Grænsen af det Land, som har indrømmet Udleveringen. De indvillige gjensidig i at bære disse Omkostninger selv.

Artikel 12.

Naar en af de kontraherende Parter under en Straffesag finder Afhørelse af Vidner, der befinde sig paa den anden Parts Territorium, eller en hvilkensomhelst anden Forundersøgelseshandling nødvendig, bliver der ad diplomatisk Vej at fremsende Rekvisition desangaaende, hvilken Rekvisition da skal efterkommes i Overensstemmelse med det Lands Love, i hvilket Vidnerne skulle opfordres til at møde, eller i hvilket Handlingen skal finde Sted. Udførelsen af Rekvisitionen kan nægtes, naar Forundersøgelsen har til Gjenstand en Handling, der ikke er opregnet i Art. 1.

De kontraherende Parter give gjensidig Afkald paa at kræve Erstatning for de med Efterkommelsen af en Begjæring om Vidners Afhørelse forbundne Omkostninger, hvorimod de Omkostninger, hvortil en hvilkensomhelst anden Forundersøgelseshandling maatte give Anledning, skulle erstattes af den Stat, der har stillet Begjæringen.

Artikel 13.

Saafremt et Vidnes personlige Møde maatte være nødvendigt i en Straffesag, skal Regjeringen i det Land, hvor Vidnet opholder sig, opfordre det til at efterkomme den Anmodning, som desangaaende vil blive rettet til det. I saa Tilfælde ville de respektive Regjeringer træffe Aftale om Størrelsen af den Skadesløsholdelse for Omkostninger ved Rejsen og Opholdet, beregnede efter Længden af Vidnets Rejse og Ophold, som den Regjering, der har stillet Begjæringen, skal tilstaa Vidnet, saavelsom om det Forskud, der vil kunne gives det paa dette Vederlag.

Intet Vidne, af hvilken Nationalitet det end er, kan, naar det efter Tilsigelse paa den ene af de kontraherende Parters Territorium giver Møde frivillig for den anden Parts Domstole, forfølges eller holdes tilbage der paa Grund af tidligere begaaede strafbare Handlinger eller ældre Straffedomme, eller som sigtet for Medskyld i de Gjerninger, der danne Gjenstanden for den Sag, i hvilken det møder som Vidne.

Artikel 14.

Naar det under en Straffesag skulde befindes nødvendigt eller hensigtsmæssigt at erholde meddelt Gjenstande, der kunne tjene som Bevisligheder, eller Dokumenter, der findes hos den anden kontraherende Parts Myndigheder, skal Begjæring herom fremsættes ad diplomatisk Vej, og denne vil da være at tage tilfølge, forsaavidt særegne Hensyn ikke ere til Hinder derfor, dog paa Betingelse af, at de omspurgte Gjenstande og Dokumenter tilbageleveres.

De kontraherende Parter give gjensidigt Afkald paa at kræve Erstatning for de Omkostninger, der paaløbe ved Frem- og Tilbagesendelsen af Gjenstande og Dokumenter indtil Grænsen.

Artikel 15.

Bestemmelserne i denne Traktat ere anvendelige paa de to høje kontraherende Parters Kolonier og Bilande under Jagttagelse af følgende Fremgangsmaade:

Nr. 33. 30. sept.

Ef beiðzt er framsals á glæpamanni, sem komizt hefur undan og leitað hælis í nýlendu eða hjálendu annarshvors aðila, þá skal hinn æðsti verzlunarfulltrúi, er það ríkið, er framsals beiðist, hefur í nýlendu þeirri eða hjálendu, senda landstjóra þar eða æðsta yfirvaldi framsalsbeiðnina. Hafi strokmaður komizt undan úr nýlendu eða hjálendu þess aðila, sem framsalsins beiðist, þá skal landstjórinn þar eða hið æðsta yfirvald beiðast framsalsins.

Þessháttar beiðni um framsal geta hlutaðeigandi landstjórar eða æðsta yfirvald sett fram og veitt, og ber þeim ætíð að fylgja svo nákvæmlega sem unnt er ákvæðum samnings þessa, þó er þeim það í sjálfsvald sett, annaðhvort að verða við framsalsbeiðni eða vísa henni til stjórnar sinnar til úrslita.

16. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 10 dögum eptir að hann hefur birtur verið á þann hátt, sem fyrirskipað er eptir lögum samningsaðila.

Samningi þessum getur hvortveggi samningsaðili sagt lausum, en hann heldur gildi sínu í 6 mánuði eptir uppsögnina.

Samninginn ber að fullgilda og skal fullgildingarskjölum skiptzt á svo fljótt sem auðið er.

Þessu til staðfestingar hafa umboðsmennirnir hvor um sig undirritað þennan samning og sett innsigli sín undir.

Gjört í tveim frumritum í Kaupmannahöfn 12. október 1889.

O. D. Rosenørn-Lehn.
(L. S.)

José Diosdado y Castilla.
(L. S.)

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 30. september 1890.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.

Nr. 33. Augl. 30. sept. um samning, sem konungsríkið Danmörk og konungsríkið Spánn hafa gjört sín á milli um framsal sakamanna.

Begjæringen om Udlevering af en undvegen Forbryder, som har taget Tilflugt til en Koloni eller et Biland, der tilhører en af de kontraherende Parter, skal rettes til Gouvernøren eller den øverste Myndighed paa bemeldte Koloni eller Biland af den anden Parts øverste konsulære Embedsmand i vedkommende Koloni eller Biland; hvis Undvigelsen har fundet Sted fra en Koloni eller et Biland, der tilhører den reklamerende Part, skal Begjæringen fremsættes af Gouvernøren eller den øverste Myndighed i paagjældende Koloni eller Biland. Nr. 33. 30te Septbr.

Saadanne Begjæringer om Udlevering kunne fremsættes og afgjøres af de paagjældende Gouvernører eller øverste Myndigheder, der i ethvert Tilfælde skulle, saa nøie som muligt, følge Forskrifterne i denne Traktat; dog skal det staa dem frit for enten at indrømme Udleveringen, eller at henvise Sagen til deres Regjerings Afgjørelse.

Artikel 16.

Denne Traktat træder i Kraft ti Dage efter dens Kundgjørelse i de ved de kontraherende Parters Lovgivning foreskrevne Former.

Denne Traktat kan opsiges af enhver af de kontraherende Parter, men den vedbliver endnu at være i Kraft sex Maaneder efter saadan Opsigelse.

Den skal ratificeres og Ratifikationerne udvexles inden den korteste mulige Frist.

Til Stadfæstelse heraf have de respektive Befuldmægtigede undertegnet denne Traktat og paatrykt samme deres Segl.

Givet i dobbelt Udfærdigelse i Kjøbenhavn, den 12te Oktober 1889.

O. D. Rosenørn-Lehn. (L. S.)

José Diosdado y Castillo. (L. S.)

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 30te September 1890.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.

Nr. 33. Bekj. af 30te Septbr. om en mell. Danmark og Spanien afsl. Konvent. om gjensidig Udlev. af Forbrydere.